

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattskyldu barna.

1. *Hve háar voru skattgreiðslur barna innan 16 ára aldurs á sl. ári, sbr. ákvæði 2. mgr. 67. gr. skattalaga sem kveður á um skattalega meðferð á tekjum barna innan 16 ára aldurs?*

Á framtölum fyrir árið 1999 töldu 4.176 börn sem ekki höfðu náð 16 ára aldri fyrir lok þess árs fram tekjur samtals að fjárhæð rúmlega 900 millj. kr. Á þessi börn var lagður tekjuskattur að fjárhæð tæplega 24 millj. kr. og útsvar að fjárhæð tæplega 12 millj. kr., alls 35,8 millj. kr. Tölur þessar og sundurliðun þeirra eftir skattumdæmum er sýnd í töflu I í fylgiskjali.

2. *Hve háar voru skattgreiðslur 16 og 17 ára barna á sl. ári og hverjar hefðu þær verið ef skattaleg meðferð þeirra hefði verið í samræmi við 2. mgr. 67. gr. skattalaga?*

Samkvæmt framtölum fyrir árið 1999 og álagningu á tekjur þess árs töldu 4.307 ungmenni sem voru 16 ára í árslok 1999 fram tekjur að fjárhæð um 1.426 millj. kr. Á tekjur þessar var lagður tekjuskattur að fjárhæð 934.000 kr. og útsvar að fjárhæð rúmlega 13 millj. kr., samtals um 14 millj. kr. Álagðir tekjuskattar voru því um 1% af tekjuskattsstofninum.

Hefði álagning verið reiknuð samkvæmt reglum sem gilda um þá sem ekki höfðu náð 16 ára aldri í lok ársins 1999 hefði tekjuskatturinn orðið rúmlega 45 millj. kr. og útsvarið um 22 millj. kr., samtals um 67 millj. kr. Álagðir tekjuskattar hefðu því orðið um 4,6% af tekjuskattsstofninum.

Ungmenni fædd árið 1982, þ.e. þau sem voru 17 ára í árslok 1999, voru samkvæmt framtölum 4.405 talsins og með tekjur að fjárhæð rúmlega 2,4 milljarðar kr. Tekjuskattur sem lagður var á þennan hóp var um 21 millj. kr. og útsvar 81 millj. kr., samtals um 102 millj. kr. Skattar þessir voru 4,3% af tekjuskattsstofni.

Með álagningu samkvæmt þeim reglum sem gilda fyrir þá sem ekki hafa náð 16 ára aldri hefði tekjuskatturinn orðið tæplega 86 millj. kr., útsvarið tæplega 43 millj. kr., samtals 128,6 millj. kr. eða 5,2% af tekjuskattsstofni.

Tölur þessar með nánari sundurliðun eftir tekjubílum eru í töflum II, III, IV og V í fylgiskjali.

3. *Hve mikið kostar það ríkissjóð að breyta aldursviðmiði 65. gr. skattalaga, sbr. og 2. mgr. 67. gr., í 18 ár?*

Eins og fram kemur í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar mundi breytt skattlagning í samræmi við það sem spurt er um leiða til hækkunar á tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga. Þannig hefðu börn sem voru 16 ára í árslok 1999 greitt um 45 millj. kr. í tekjuskatt í stað u.þ.b. 1 millj. kr. og útsvarsgreiðslur þeirra hefðu hækkað í tæpar 22 millj. kr. úr um 13 millj. kr. Í heild hefðu skattgreiðslurnar þannig aukist í 67 millj. kr. frá 14 millj. kr. eða hækkað um 53 millj. kr. Skatthlutfallið sem var um 1% hefði þannig hækkað í um 4,6%.

Með sama hætti hefðu skattgreiðslur unglunga sem voru 17 ára í árslok 1999 hækkað úr 21 millj. kr. í tæplega 86 millj. kr. en álagt útsvar hefði lækkað úr 81 millj. kr. í 43 millj. kr. Í heild hefðu skattgreiðslur hækkað úr um 102 millj. kr. í 129 millj. kr. eða um 26 millj. kr. Skatthlutfallið hefði hækkað úr 4,3 í 5,2%.

4. *Hvað rök eru fyrir aldursviðmiði 65. gr. skattalaga um skattskyldu barna innan 16 ára aldurs?*

Meginrökin fyrir 16 ára aldursmarkinu lúta að atvinnuþátttöku ungmenna. Við 16 ára aldursmarkið lýkur almennri skólaskyldu og hefur þá nokkur hluti unglunga fulla þátttöku í atvinnulífi. Rétt er að geta þess að ákvæði íslensks vinnuréttar, reglur á Evrópska efnahags-svæðinu og ákvæði kjarasamninga gera ráð fyrir þátttöku þessa aldurshóps á vinnumarkaði. Þess eru og dæmi að ungmenni er náð hafa 16. aldursári afli svipaðra tekna og fullorðnir, en sem dæmi má nefna að á árinu 1999 höfðu um 25% 17 ára unglunga tekjur yfir skattleysismörkum. Eðlilegt verður að teljast og í anda jafnræðissjónarmiða að þátttakendur á vinnumarkaði séu skattlagðir með sama hætti.

5. *Er ráðherra sammála því að með því að hækka sjálfræðisaldur hafi löggjafinn lýst því yfir að líta beri á einstakling sem barn að 18 ára aldri, m.a. í skilningi skattalaga?*

Að baki þeirri ákvörðun að hækka sjálfræðisaldur úr 16 ár í 18 ár lágu ýmis rök. Meginrökin fyrir þeirri breytingu voru breyttar þjóðfélagsaðstæður, þörf fyrir menntun ungmenna og samræmingarsjónarmið hvað varðar alþjóðlega sáttmála og löggjöf í nágrannaríkjunum. Þá var jafnframt litið til barnaverndarsjónarmiða og sjónarmiða varðandi meðferð ungra vímuefnaneytenda og afbrotamanna. Þá var og litið til þess að þorri íslenskra ungmenna býr í foreldrahúsum fram undir tvítugt og nýtur stuðnings foreldra sinna. Í fyrirliggjandi lögskýringargögnum er ekkert sem bendir til þess að mati fjármálaráðherra að löggjafinn hafi lýst vilja til að breyta aldursmörkum skattalaga til samræmis við hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 árum í 18 ár. Þess má að lokum geta að víða í íslenskri löggjöf gætir ósamræmis um aldur og réttindi ungmenna, sbr. ákvæði áfengislaga, lögræðislaga og umferðarlaga.

6. *Telur ráðherra að breyta eigi skattskyldu barna í samræmi við ákvæði lögræðislaga frá 1997 um að sjálfráða verði menn 18 ára í stað 16 ára?*

Nei.

7. *Tekur skattskylda barna mið af sjálfræðisaldrinum annars staðar á Norðurlöndunum?*

Sjálfræðisaldur er 18 ár á öllum Norðurlöndunum. Með vísan til þess sem hér fer á eftir virðast ekki vera sérstök tengsl á milli skattskyldu og sjálfræðisaldurs í löggjöf þessara landa.

**Danmörk.**

Í Danmörku eru börn sjálfstæðir skattaðilar og þurfa að greiða skatt um leið og þau byrja að afla sér tekna sem fara yfir skattleysismörk. Er þau skattlögð með sama hætti og fullorðnir skattgreiðendur að öðru leyti en því að skattleysismörk þeirra sem eru yngri en 18 ára eru um 25.000 DKK en um 35.000 hjá fullorðnum. Ef börn fram að 15 ára aldri hafa tekjur af starfi við sjálfstæða starfsemi foreldra sinna þá eru þær tekjur ekki skattlagðar hjá barninu og geta foreldrar ekki dregið umræddar launagreiðslur frá tekjuskattsstofni sjálfstæðrar starfsemi sinnar. Börn 15 ára eða eldri þurfa að telja fram tekjur sem þau afla sér í tengslum við sjálfstæða starfsemi foreldra sinna og foreldrarnir geta dregið þau laun frá tekjum af sjálfstæðri starfsemi.

**Finnland.**

Við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2000 töldust börn fædd á tímabilinu 1983 til 2000 „mindreáriga“. Framfærendur þeirra skila inn sérstöku skattframtali fyrir þau börn. Tekjur og eignir barna ásamt þeim frádrætti sem þeim heimilast eru færðar inn á þeirra eigin skattskýrslu. „Mindreáriga“ börn eru sjálfstæðir skattaðilar að því er varðar tekjur og fjármagnstekjur. Hvað eignarskatt varðar er barnið samskattað með því foreldri sem telst eiga meiri eignir.

**Færeyjar.**

Börn eru sjálfstæðir skattaðilar og eru skattlögð um leið og þau hafa tekjur í Færeyjum, með sama hætti og í Danmörku.

**Noregur.**

Í Noregi er meginreglan sú að börn fram að 16 ára aldri eru ekki sérstaklega skattlögð heldur telja þau fram með foreldrum sínum. Ef börn milli 2 til 16 ára aldurs hafa einhverjar verulegar tekjur þá geta þau verið skattlögð sjálfstætt.

**Svíþjóð.**

Í Svíþjóð eru börn sjálfstæðir skattaðilar og bera sömu skyldur og fullorðin. Ef börnin eru mjög ung er hér oftast um að ræða vaxtatekjur af sparnaði eða arðgreiðslur af hlutabréfum. Fyrir eldri börn er oftast um að ræða tekjur vegna sumarvinnu. Í Svíþjóð eru hins vegar í gildi reglur um samsköttun fjölskyldueigna með sameiginlegt fríeignamark.

**Fylgiskjal.****Tafla I.****Skattstofn og skattar barna yngri en 16 ára í árslok 1999.**

Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

	<b>Fjöldi framteljenda</b>	<b>Tekjuskatts- stofn</b>	<b>Tekjuskattur</b>	<b>Útsvar</b>	<b>Tekjuskattur og útsvar</b>
Reykjavík	1.116	248.809	6.297	3.148	9.445
Reykjanes	1.197	279.554	7.261	3.631	10.982
Vesturland	310	71.598	1.849	924	2.773
Vestfirðir	210	56.427	1.569	785	2.354
Norðurland vestra	209	42.548	1.017	509	1.526
Norðurland eystra	422	89.945	2.216	1.108	3.323
Austurland	223	45.552	1.092	546	1.637
Suðurland	406	87.324	2.163	1.082	3.245
Vestmannaeyjar	83	16.832	401	201	602
<b>Samtals</b>	<b>4.176</b>	<b>938.589</b>	<b>23.866</b>	<b>11.933</b>	<b>35.798</b>

**Tafla II.****Skattstofn og skattar unglunga 16 ára í árslok 1999. Álagning skatta árið 2000.**

Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskattstofn*	Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	1.006	79.792	0	0	0	0,0%
150–300	1.250	283.102	0	0	0	0,0%
300–450	938	343.455	0	0	0	0,0%
450–600	532	276.374	0	0	0	0,0%
600–750	380	256.543	0	91	91	0,0%
750–900	108	87.934	0	3.324	3.324	3,8%
900–1050	57	55.640	0	4.879	4.879	8,8%
1050–1200	23	25.254	232	2.802	3.034	12,0%
1200+	13	17.897	702	1.990	2.692	15,0%
<b>Samtals</b>	<b>4.307</b>	<b>1.425.990</b>	<b>934</b>	<b>13.086</b>	<b>14.020</b>	<b>1,0%</b>

**Tafla III.****Skattstofn og skattar unglunga 16 ára í árslok 1999. Miðað er við reglur um skattlagningu barna.**

Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskattstofn*	Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	1.006	83.353	785	342	1.127	1,4%
150–300	1.250	290.659	7.532	3.615	11.147	3,8%
300–450	938	352.630	11.033	5.333	16.366	4,6%
450–600	532	284.424	9.634	4.656	14.291	5,0%
600–750	380	263.697	9.303	4.509	13.812	5,2%
750–900	108	90.151	3.252	1.582	4.834	5,4%
900–1050	57	56.733	2.083	1.019	3.102	5,5%
1050–1200	23	25.736	954	467	1.422	5,5%
1200+	13	18.376	692	337	1.029	5,6%
<b>Samtals</b>	<b>4.307</b>	<b>1.465.759</b>	<b>45.269</b>	<b>21.860</b>	<b>67.129</b>	<b>4,6%</b>

**Tafla IV.****Skattstofn og skattar unglunga 17 ára í árslok 1999. Álagning skatta árið 2000.**

Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskattstofn*	Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	273	19.043	0	0	0	0,0%
150–300	716	166.611	0	0	0	0,0%
300–450	969	363.170	0	18	18	0,0%
450–600	842	438.467	0	0	0	0,0%
600–750	701	473.852	0	369	369	0,1%
750–900	379	309.939	0	12.436	12.436	4,0%
900–1050	220	213.395	0	19.361	19.361	9,1%
1050–1200	114	127.368	1.542	14.650	16.192	12,7%
1200–1350	70	89.111	3.629	10.499	14.128	15,9%
1350–1500	49	69.552	4.221	8.156	12.377	17,8%
1500–1650	33	51.801	4.344	6.188	10.532	20,3%
1650–1950	24	42.968	3.848	5.142	8.990	20,9%
1950+	15	36.083	3.602	4.333	7.935	22,0%
<b>Samtals</b>	<b>4.405</b>	<b>2.401.360</b>	<b>21.185</b>	<b>81.152</b>	<b>102.337</b>	<b>4,3%</b>

**Tafla V.****Skattstofn og skattar unglunga 17 ára í árslok 1999. Miðað er við reglur um skattlagningu barna.**

Tekjur ársins 1999 í þús. kr.

Tekjubil	Fjöldi framteljenda	Tekjuskattstofn*	Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattur og útsvar	Skattur
0–150	273	20.463	229	114	343	1,7%
150–300	716	174.639	4.640	2.320	6.961	4,0%
300–450	969	378.133	11.951	5.976	17.927	4,7%
450–600	842	455.462	15.461	7.730	23.191	5,1%
600–750	701	491.297	17.356	8.678	26.034	5,3%
750–900	379	322.711	11.667	5.834	17.501	5,4%
900–1050	220	221.228	8.129	4.064	12.193	5,5%
1050–1200	114	132.528	4.928	2.464	7.392	5,6%
1200–1350	70	92.513	3.471	1.736	5.207	5,6%
1350–1500	49	72.482	2.739	1.369	4.108	5,7%
1500–1650	33	53.618	2.037	1.018	3.055	5,7%
1650–1950	24	44.656	1.708	854	2.561	5,7%
1950+	15	37.536	1.452	726	2.178	5,8%
<b>Samtals</b>	<b>4.405</b>	<b>2.497.268</b>	<b>85.767</b>	<b>42.883</b>	<b>128.650</b>	<b>5,2%</b>

\* Tekjuskattstofn barna er hærri en tekjuskattstofn fullorðinna vegna ákvæða tekjuskattlaganna um frádrátt frá tekjum.